

## 154. löggjafarþing 2023–2024.

Þingskjal 53 — 53. mál.

### Tillaga til þingsályktunar um miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum.

Félag þjóðfræðinga á Íslandi fagnar tillögu um stofnun miðstöðvar íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum. Um er að ræða starfsemi á sviði þjóðfræðirannsókna sem mikilvægt er að gefa nánari gaum og efla. Rannsóknir á sviði þjóðfræði styrkja þekkingargrunn fyrir stöðu samfélaga á Íslandi, auka þekkingu á sköpun sjálfsmynda einstaklinga og hópa og vitund um hefðir þeirra, siði og gildi. Slík þekking styrkir sjálfskilning og lífsgæði samfélaga og einstaklinga. Á sviði þjóðfræði liggja mikil tækifæri til rannsókna innan lands sem og til erlends samstarfs. Rannsóknir á sviði þjóðfræði geta stutt við ímyndarsköpun Íslands, verið ferðaþjónustuaðilum mikilvægur þekkingarbrunnur í starfi sínu, og stuðlað að nýsköpun tengdri þjóðfræðiefni sem mikill áhugi hefur verið á bæði innanlands og utan. Ljóst er að það liggur styrkur í því fyrir Félag þjóðfræðinga á Íslandi að eignast svo öflugan samstarfsaðila á landsbyggðinni líkt og miðstöð íslenskrar þjóðtrúar yrði. Styrkleiki liggur í staðsetningu miðstöðvarinnar, mikilvægt er að efla rannsóknir á háskólastigi á landsbyggðinni og auka þar með möguleika fólks með tilheyrandi menntun að setjast að utan höfuðborgarsvæðisins. Miðstöð þjóðtrúar yrði til að styrkja þjóðfræðirannsóknir um allt land, stuðla að atvinnuþróun og auka möguleika fólks með þjóðfræðimenntun að stunda rannsóknir óháð búsetu.

Fyrir hönd stjórnar Félags þjóðfræðinga á Íslandi

Anna Karen Unnsteins, formaður